

Áætlun um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi vegna heimsfaraldurs

Eftirfarandi áætlun er gerð í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar í landsáætlun ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis vegna heimsfaraldurs. Samkvæmt landsáætlun eru háskastig Almannaþingarátt, þ.e. óvissustig, hættustig og neyðarstig sem lýst er yfir af Ríkislögreglustjóra. Áætlunin er framkvæmd af Umhverfisstofnun og viðeigandi samstarfsaðilum.

Óvissustig

Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.

Verkferlar yfirfarnir með samstarfsaðilum.

Hættustig eða neyðarstig

Á hættustigi og neyðarstigi skulu starfsmenn við meðhöndlun úrgangs vinna eftir verklagsreglum um smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs í heimsfaraldri. Almennt fer sorphirða, flutningur, flokkun og förgun úrgangs fram með venjubundnum hætti en eftirfarandi sviðsmyndir (A-E) geta þó komið upp þar sem gæti þurft að bregðast við með sértækum aðgerðum

- A. Einangruð tilfelli á sjúkrahúsi
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.
- B. Tilfelli á heimilum og/eða fólk í sóttkví á heimilum
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.
- C. Fjöldi tilfella á sjúkrahúsum
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs frá heimilum fer fram með venjubundnum hætti.
 - Brugðist við magnaukningu á sóttmenguðum úrgangi með samstarfsaðilum.
- D. Fjöldi manns í einangrun eða sóttkví í heimahúsum
 - Flokkun á almennum heimilis- og rekstrarúrgangi á móttökustöðvum hætt ef mögulegt er.
 - Flokkaður úrgangur er berst á móttökustöðvar skal geymdur í tvær vikur áður en hann er meðhöndlaður.
 - Þar sem rekstraraðilar hafa ekki möguleika á að geyma flokkaðan úrgang skal hann settur í urðun.
- E. Lokun eins eða fleiri svæða
 - Flutningi úrgangs frá lokuðu svæði hætt og allur úrgangur urðaður óflokkaður innan þess svæðis. Urðun fer fram á urðunarstað tilnefndum af Umhverfisstofnun í samráði við rekstraraðila urðunarstaða.

Útgáfa: 23. mars 2020